Kennsluáætlun í lífsleikni - 3.-4. bekkur
2026-2027
Waldorfskólinn Sólstafir
Kennari: Guðbrandur Bragason

Kennsla í lífsleikni fer fram í lotum í aðalkennslu (sjá lotur á stundaskrá) Einnig er ein kennslustund í lífsleikni í viku hverri.

Kennsluaðferðir:
Lífsleikni er samofin starfinu á yngsta stigi og mun kennari flétta verkefnum inn í hrynjanda dagsins sem lúta að því að styrkja sjálfsmynd og skapa félagstengsl. Helst ber að nefna: að læra umgengni skólasamfélagsins, bæði innan skólans og á útisvæðum skólans, t.d. rétta upp hönd, hengja upp fötin sín o.s.frv. Við vinnum með sameiginleg gildi bekkjarins í byrjun skólaárs og gerum bekkjarsáttmála. Í gegnum sögur, ævintýri og samræður læra börnin samskiptafærni, t.d. að sýna tillitsemi og setja sig í spor annarra, hvernig maður hlustar á aðra og sýnir virðingu og umhyggju. Frjálsi leikurinn er einnig mikilvægt kennslutæki. Nám í gegnum leik og mikla útiveru gefa barninu frelsi til að hvíla í hrynjanda dagsins og læra á sínum eigin hraða. Lífsleikni hvílir í miðju námsins og er miðlað með það að leiðarljósi að barnið nái að finna til öryggis og gleði þegar það kemur úr leikskólanum yfir í grunnskólann.

Markmið:
Að nemendur
-læri umgengni skólasamfélagsins
-læri að þekkja ýmsar tilfinningar, t.d. gleði, sorg og reiði.
-átti sig á tilgangi leikreglna í leikjum og samskiptum.
-geti tjáð sig við samnemendur og kennara
-öðlist færni í samvinnu
-læri að hlusta á aðra og sýna kurteisi

Námsmat:
Virkni og þátttaka í tímum.
Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.